

Nd.

294. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson, Ingólfur Bjarnarson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til þess að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum, er nemi samtals 400000 kr., með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Ábyrgðarheimildin má ná til lána, sem tekin eru í umræddu skyni af sýslufélögum eða samvinnufélögum bænda.

Hámark hvers láns, sem ábyrgzt er, má nema allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar.

Frystihúsin séu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er bezt fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í héraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

Full skilríki liggja fyrir um, að vel og tryggilega sé frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykkt áætlun og teikningar.

Til baktryggingar ríkisábyrgðinni sé ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefnda, eða aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar, auk fyrsta veðréttar í frystihúsinu og vélum þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þrjár aðalástæður eru til framburðar þessa frumvarps.

Úr viðlagasjóði er nú ekki lengur kostur lánsfjár til þess að reisa frystihús. En þaðan fékkst lán, að ráðstöfun Alþingis, til fyrstu frystihúsanna, er reist voru.

Það má telja vist, að innlendar lánsstofnanir geti trauðla veitt nauðsynleg lán, eins og nú er ástatt, sem fullnægi þörfinni.

Þar sem fullséð er, að markaður fyrir saltkjöt erlendis þrengist til stórra muna, er það hin brýnasta þörf, til þess að tryggja sölu á aðalframleiðsluvöru landbúnaðarins, að fjölga frystihúsum á kjötútflutningshöfnunum til muna, þegar á þessu ári.

Skilyrði fyrir ábyrgðinni eru sett hin sömu og giltu á sínum tíma um viðlagasjóðslánin.